



## **Viðauki við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins frá 5.mars 2018.**

Verkefnahópurinn skipa áfram sömu aðilar ásamt því að fulltrúi frá samstarfsnefnd skíðasvæðanna tekur sæti í verkefnihópnum.

- 1) Hlutverk verkefnahópsins er að sinna almennu samræmingarstarfi, eftirliti og eftirfylgni með uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins skv. fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á eigendafundi skíðasvæðanna 4.nóvember 2019 og þeim áætlunum sem síðar verða samþykktar vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.
- 2) Eftirfylgni og eftirlit með útboðum skv. framkvæmdaáætlun.
- 3) Eftirfylgni og eftirlit með þeim skipulagsmálum sem að framkvæmdinni snúa.
- 4) Eftirlit með verk-og framkvæmdaáætlunum uppbyggingar á skíðasvæðunum.
- 5) Samræming verkefna sem að framkvæmdunum snúa s.s. er varðar framkvæmdir vegna vatnsverndar.
- 6) Eftir atvikum upplýsingagiöf til stjórnar SSH og samstarfsnefndar skíðasvæðanna en ábyrgð upplýsingagjafar til fyrrgreindra aðila er hjá ÍTR skv. 7 gr.samnings ÍTR og SSH.

Til að fylgja verkefninu betur eftir mun ÍTR ráða til sín verkefnastjóra sem einnig fer með eftirlit framkvæmda. Verkefnastjóri mun sitja fundi verkefnahóps með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk verkefnisstjóra er:

1. Taka þátt og fylgja eftir útboði, samningum, hönnun og framkvæmd.
2. Halda verkkaupa upplýstum um stöðu verksins og gera grein fyrir frávikum ef einhver eru.
3. Funda með verkefnisstjórnunarhóp, ritun fundagerða hans o.fl sem að vinnu hópsins snýr.
4. Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisins í samráði við framkvæmdastjóra skíðasvæðanna.
5. Fylgjast með framkvæmdum á verkstað.
6. Samskipti við opinbera aðila fyrir hönd verkkaupa.
7. Fylgja eftir að verktaki fylgi kröfum opinberra aðila.

Hlutverk eftirlits er.

1. Hafa eftirlit með framkvæmd
2. Framvindu og gæðaeftirlit.

Að öðru leyti er fylgt eftir ákvæðum í samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna þmt sérstökum þjónustusamningi við ÍTR

**Samþykkt** ??? á eigendavettvangi skíðasvæðanna (stjórnarfundi SSH) 6. janúar 2020.